

**Ed.**

## **648. Frumvarp**

til laga um lán úr byggingarsjóði handa Byggingarfélagi Reykjavíkur, samvinnuhlutafélagi í liquidation.

Frá fjárhagsnefnd.

### **1. gr.**

Úr byggingarsjóði Reykjavíkur skal, svo fljótt sem fé er fyrir hendi í sjóðnum og stjórn byggingarsjóðs telur fært, veita lán til Byggingarfélags Reykjavíkur, samvinnuhlutafélags í liquidation, er samsvari að upphæð skuldum félagsins. Lánið veitist affallalaust, og ávaxtist það og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár. Lánið skal tryggt með veðrétti í húseignum félagsins, og þar að auki með ábyrgð Reykjavíkurkaupstaðar, þangað til lánið er borgað svo niður, að fasteignatryggingin fullnægi ákvæðum 3. gr. laganna að dómi stjórnar byggingarsjóðs.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Byggingarfélag Reykjavíkur, samvinnuhlutafélag, var stofnað árið 1919 til þess að „koma upp húsum, í þeim tilgangi, að útvega efnalitlu fólki holl, hentug og ódýr íbúðarhús til leigu eða kaups“. Félagið byggði síðan á árunum 1919 og 1920 húsin Barónsstíg 30, Bergþórugötu 41 og 43—45 B, 16, 18 og 20. Eru þrjú hin síðastnefndu timburhús, en hin steinsteypuhús. Standa öll húsin á leigulóðum bæjarins, og var bókfært verð þeirra í árslok 1921 kr. 311494.17.

Rekstur félagsins gekk erfiðlega, enda voru húsin byggð á dýrum tíma og lánin mjög óhagstæð, að mestu leyti víxillán. Loks gafst félagsstjórnin upp snemma árs 1933 og framseldi bú félagsins til gjaldprotaskipta. Var þá skipuð skilanefnd, tveim mönnum, sem bæjarráð Reykjavíkur tilnefndi, og einum manni úr fráfarandi stjórn félagsins, og hefir þessi nefnd síðan rekið fyrirtækið í liquidation, en bæjarsjóður Reykjavíkur veitt fjárhagslega aðstoð til bráðabirgða.

Skuldir félagsins eru sem stendur samtals um kr. 280000,00. Rekstur húsa er kominn í gott lag, eftir að þau nú hafa fengið nauðsynlega viðgerð, og er ársleigan af þeim um kr. 28000,00. En núverandi lán eru fyrirtækinu of þungbær.

Farið hefir verið fram á það við stjórn byggingarsjóðs Reykjavíkur, að hún veitti þessu fyrirtæki lán samkvæmt lögunum um verkamannabústaði. En stjórn sjóðsins hefir talið sig þurfa að fá til þess sérstaka lagaheimild, sakir þess að fyrirtækið er eldra en lögin um verkamannabústaði, og þess vegna ekki að öllu leyti sniðið eftir ákvæðum þeirra laga. En þar sem fyrirtækið í raun og veru er stofnað og rekið í öldungis sama augnamiði og gert er ráð fyrir í lögunum um verkamannabústaði, er farið fram á, að nauðsynleg lagaákvæði verði sett sem að framan greinir.